

Vorfundur FEB Hveragerði 12.5.2023

Haldinn í Þorlákssætri

1. Sigurlín Sveinbjarnardóttir formaður FEB í Hveragerði bauð félaga velkomna og sérstaklega Helga Pétursson formann Landssambands eldri borgara. Stungið var upp á Sigrúnu Guðný Arndal sem fundarstjóra og Sigrúnu Önnu Stefánsdóttur sem ritara og var það samþykkt.

2. Formaður FEB Hveragerði sagði frá: **A.** Störfum félagsins frá áramótum, **B.** Fundi með bæjarstjóra, **C.** Vorferð félagsins í Borgarnes. **D.** Björtum lífsstíl.

A. Skýrsla frá starfi haustsins fram að áramótum liggur frammi á hvera.net. Hóparnir starfa af fullum krafti, tálgun/útskurður fær væntanlega kennara í haust. Bókmenntaklúbburinn hélt skólaslit í vor en kemur aftur til starfa í haust. Ýmis námskeið hafa verið vinsæl og verða út maí. Alls var 91 þátttakandi á námskeiðum félagsins í ár. Þrjú hópar í vatnsleikfimi, tveir hópar í spænsku einn hópur í línudansi, Jóga og Jóga nidra. Reiknað er með öllum sömu námskeiðum í haust ásamt nýju námskeiði Jóga í vatni ef þátttaka fæst. Stjórnin mun senda út kynningar á námskeiðum fyrir haustmisseri.

B. Á fundi með bæjarstjóra í vikunni var rætt var um að ráða þyrfti starfsmann á skrifstofu félagsins. Reiknað verður með að starfsmaðurinn vinni ca 10 stundir á viku og muni aðstoða félagsmenn og stjórnarmeðlimi eftir þörfum. Þetta verður skoðað betur í haust

C. Vorferðin sem farin var í Borgarfjörðinn var hin besta skemmtun og gekk vel fyrir sig þrátt fyrir veður sem ekki leit mjög vel út í byrjun. Sigurlín formaður þakkaði félögum fyrir vel heppnaða ferð.

D. Verkefnið Bjartur lífsstíll stuðlar að bættri hreyfingu fyrir 60+ og er ráðstefna í næstu viku. Formaður hvatti félagsmenn til að kynna sér þetta málefni. Stjórnin mun kynna þetta betur í haust.

Spurningar komu í lok ræðu Sigurlínar og spurði Steina Hlín Aðalsteinsdóttir af hverju hún hefði ekki komist að í vatnsleikfimi? Svarið var að mikil eftirspurn hefði verið í vatnsleikfimi og þriðji hópurinn komst ekki að fyrr en eftir áramót og því hefðu ekki allir komist að fyrir áramót en sækja hefði þurft um aftur eftir áramót en hennar umsókn hefði einhverra hluta vegna ekki borist.

3. Helgi Pétursson formaður Landssambands eldri borgara sagði frá starfi Landssambandsins en þar eru starfandi 55 félög eldri borgara og alls um 35-36.000 félagar. Sjálfur hafði hann hitt 47 félög. Hann sagði að hann sæti fundi með ráðamönnum sem segi að þjóðin sé að eldast og mikið af fólki hafi það gott. Helgi gerði létt grín að þessu og skemmti félagsmönnum með góðum sögum. Hann ræddi einnig fimm áherslur frá Landssambandi eldri borgara en þær eru

1. Að eldra fólk fái að vinna eins og það vill.

2. Að starfslok miðist við færni.
3. Að heilsugæsla verði vagga öldrunarþjónustunnar.
4. Að millistig verði milli heimilis og hjúkrunarheimila.
5. Ein lög í stað margra lagabálka.

Helgi ræddi einnig aðgerðaráætlun LEB sem leggur áherslu á:

Þjónustu við fólk með heilabilun, samþættingu hjúkrunar og stuðningsþjónustu, dagdvöl og heilsuefningu, einmanaleika og geðrækt, búsetumál, hjúkrunarheimili, nýsköpun og tækniþróun.

Landsambandið leggur áherslu á viðræður við Verkalýðshreyfinguna um samflot í kjarasamningum, samráð við Tryggingastofnun - launaseðill, ræddi Öldungaráðin og stöðu þeirra ásamt Heilsuefningu sem er samvinnuverkefni LEB og ÍSÍ

Heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk sem samþykkt var á Alþingi 10. maí. Hann kom einnig inn á hversu lítið hefur miðað í málefnum aldraðra hér á landi

Að lokinni umræðu Helga fengu félagsmenn orðið. Unnur Baldursdóttir hvatti fundarmenn til að fjölmenna á fund varðandi mál eldri borgara á Austurvelli á morgun kl. 14. Sigurður Valur Magnússon sagði ríkissjóð stela af eldri borgurum peningum með skerðingum króna á móti krónu. Ævar Axelsson sagði Landsambandið þurfa að standa vörð um aldraða og spurði Helga hvort Landsambandið hefði tekið samtal við stjórn málaflokka um samvinnu þar á milli. Helgi svaraði að Landsambandið hengi sig ekki á neinn stjórn málaflökk. Hjörtur spurði hvernig kosið væri á Landsambandsþingið og Helgi svaraði að ekki væri kosið heldur veldi stjórn hvers eldri borgarafélags á þingið. Sigurlín formaður FEB Hveragerði sagði að uppstillingarnefnd hefði valið í stjórn félagsins og stjórnin valdi að senda formann, varaformann og gjaldkera á Landsambandsþingið. Jóna Einarsdóttir brýndi fyrir fólki sem vill vera aktívt í félagsstarfi FEB Hveragerði að gefa kost á sér og taka þátt í starfi félagsins. Ævar Axelsson ræddi einnig óréttlæti greiðslna til eftirlifandi maka og óréttlæti lífeyrissjóða og tók Helgi heilshugar undir þá umræðu.

4. Steinunn Aldís Helgadóttir flutti ávarp um öldungaráð og stefnu Hveragerðisbæjar í málefnum eldri borgara.

Sagði hún frá samþykkt um öldungaráð í Hveragerðisbæ frá 12. sept 2019 og ræddi meginmarkmið sem eru að eldri borgarar í Hveragerði hafi vettvang þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd hennar í sveitarfélaginu, þróun öldrunarmála almennt og stefnumótun í málaflöknum. Notendur þjónustunnar verða þannig virkir þátttakendur í mótun á þeim úrræðum og þjónustu sem stendur þeim til boða. Öldrunarráð er ekki framkvæmdaraðili heldur beitir sér eingöngu fyrir að mál sem tekin eru fyrir hjá ráðinu komi til framkvæmda. Hún fór einnig yfir verksvið Öldungaráðsins og helstu verkefni. Að lokum bað Aldís fundarmenn að láta í ljós skoðun sína um hvers kyns hugmyndir, þekkingu, þarfir og reynslu sem gætu nýst inn á þessum vettvangi í Öldrunarráði og við mótun nýrrar stefnu í málefnum aldraðra í Hveragerðisbæ. Blöðum var dreift til fundarmanna svo þeir gætu komið sínum hugmyndum á framfæri.

Önnur mál.

Daði V. Ingimundarson benti fundarmönnum á nýtt app sem kemur í stað afsláttarbókarinnar appið heitir Spara og finnst á Apple store eða Play store. Hægt er að finna leiðbeiningar um appið á LEB.is en skrá þarf sig inn með Íslykli og útskýrði hann hvernig það væri gert. Daði sagði félaga vera um 370 í FEB í Hveragerði en 870 eldri borgarar eru búsettir í Hveragerði. Hann hvatti félagsmenn til að láta nágranna sína vita af félaginu og segja þeim að nú er hægt að skrá sig í félagið á heimasíðu félagsins á hvera.net.

Að fundi loknum var boðið upp á kaffi og snittur. Formaður sleit fundi kl. 19.15.

Sigrún Anna Stefánsdóttir, ritari